

Nefndarálit

um frv. til l. um Fiskræktarsjóð.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Arnór Snæbjörnsson, Ingimar Jóhannsson og Sigríði Norðmann frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Jón Gíslason og Halldór Runólfsson frá Matvælastofnun, Jón Kjartan Jónsson og Guðberg Rúnarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Óðin Sigþórsson frá Landssambandi veiðifélaga, Jóhannes Sturlaugsson frá Laxfiskum ehf., Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu og Friðrik Sophusson frá Landsvirkjun.

Umsagnir bárust frá Landsvirkjun, Orkusölu, Landssambandi veiðifélaga, Matvælastofnun, Laxfiskum ehf., RARIK, Fiskistofu, Landssambandi fiskeldisstöðva, Samorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Norðurorku, Orkuveitu Reykjavíkur, Bændasamtökum Íslands og Veiðimálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að settar verði skýrar reglur um hlutverk og stöðu Fiskræktarsjóðs en nauðsynlegt þykir að breyta ákvæðum laga um sjóðinn sem er að finna í eldri lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi áfram tekjur af 2% gjaldi af veiði í ám og vötnum en að gjaldtöku af tekjum af sölu raforku verði aflétt.

Á fundum sínum ræddi nefndin um skipun stjórnar sjóðsins en samkvæmt gildandi lögum er núverandi stjórn skipuð sex nefndarmönnum og með frumvarpinu er lagt til að þeim sé fækkað í fimm. Þannig verður einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi fiskeldisstöðva í stað tveggja tilnefndra af Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Telur nefndin það eðlilegar breytingar samhliða því að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fiskræktarsjóður dragi úr eða hætti stuðningi við fiskeldi en tekur fram að stuðningur við fiskeldi er alls ekki útilokaður.

Fyrir nefndinni var þeim sjónarmiðum hreyft að Fiskræktarsjóður ætti einungis að veita lán og styrki til framkvæmda í ám og vötnum sem heimilaðar hafa verið af lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu verði frumvarp um flutning stjórnsýslu og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði að lögum. Telur nefndin að þessi ábending sé byggð á réttmætri forsendu en telur þó vart nauðsyn á því að slíkt sé bundið í lög þar sem að í úthlutunarreglum sjóðsins eða reglugerð ráðherra mætti skilyrða greiðslu í þeim tilvikum að framkvæmd sem ákveðið er að styrkja sé leyfisskyld þannig að ekki komi greiðsla fyrir hana fyrir en leyfi hefur verið veitt. Þá má einnig vísa til 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins þar sem segir að heimilt sé að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum stjórnar Fiskræktarsjóðs.

Fyrir nefndinni komu einnig fram þau sjónarmið að ákvarðanir Fiskræktarsjóðs þyrftu að vera kæránlegar til ráðherra en í frumvarpinu er lagt til að ákvarðanir sjóðsins séu endanlegar á stjórnsýslustigi. Misjafnt er hvort ákvarðanir um úthlutanir styrkja úr sjóðum eru kæránlegar til ráðherra. Telur nefndin að þrátt fyrir að stjórn sé bundin af reglum stjórnsýslulaga við meðferð mála og sé undir eftirliti ráðherra verði að telja eðlilegt að unnt sé að kæra

ákvarðanir sem þessar enda veiti það stjórn sjóðsins ákveðið aðhald við ákvörðun um styrkveitingar til rannsóknar- og vísindaverkefna. Leggur nefndin því til að ákvæðið í lokamálslið 8. gr. frumvarpsins um að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir á stjórnsýslustigi falli brott.

Á fundum nefndarinnar kom fram að gjaldtakan af tekjum af sölu raforku, sem lagt er til að verði aflétt, hefði ekki samrýmst nægilega vel þeim breytingum sem urðu á raforkumarkaðnum þegar samkeppni var komið á í raforkusölu. Þá kom einnig fram að gjaldið hefði verið talið vera bætur fyrir það tjón er nýting á vatnsafla til raforkuframleiðslu hefði valdið á veiði og fiskrækt í ám og vötnum en raforkufyrirtækjum er skylt að bæta það tjón sem þau valda að fullu samkvæmt ákvæðum í vatnalögum og lax- og silungsveiðilögum og almennum reglum skaðabótaréttar. Telur nefndin því að sú tilhögun sem lögð er til í frumvarpinu sé til þess fallin að mæta sjónarmiðum allra sem í hlut eiga og tryggja nauðsynlegan starfsfrið um sjóðinn.

Nefndin leggur einnig til lagfæringar er varða orðalag í 6. gr. um uppkvaðningu úrskurða Fiskistofu vegna kæru veiðiréttarhafa eða veiðifélags á álögðu gjaldi af veiðitekjum. Samkvæmt stjórnsýslulögum er stjórnvaldi skylt að rökstyðja úrskurði sína skriflega og því óþarft að taka það sérstaklega fram. Nefndin leggur auk þess til smávægilegar lagfæringar sem varða tilvísanir í lagagreinum í ákvæðum frumvarpsins og einnig breytingu á 8. gr. þar sem fjallað er um að Fiskræktarsjóði sé heimilt að afla umsagnar Matvælastofnunar um umsóknir um lán eða styrki en við tilfærslu verkefna til Fiskistofu samkvæmt frumvarpi á þskj. 832–531. máli, mun Fiskistofa, ef frumvarpið verður að lögum, veita þessar heimildir til framkvæmda í ám og vötnum í samræmi við 33. gr. laga um lax- og silungsveiði.

Þá komu fram upplýsingar um að sú 270 m.kr. eingreiðsla sem bæta ætti sjóðnum upp þann tekjumissi sem frumvarpið hefði í för með sér kæmi ekki úr Jarðasjóði heldur ríkissjóði og leggur nefndin því til breytingar á ákvæði til bráðabirgða í þá veru.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Atli Gíslason er samþykkur álitum þessu með fyrirvara.

Helgi Hjörvar var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 2008.

Arnbjörg Sveinsdóttir,
form., frsm.

Karl V. Matthíasson.

Gunnar Svavarsson.

Atli Gíslason,
með fyrirvara.

Kjartan Ólafsson.

Birkir J. Jónsson.

Jón Gunnarsson.

Grétar Mar Jónsson.

